



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: STÆR2AH06L og STÆR2AH07Ó veturinn 2019-2020.

Kennarar: Bjarni Gunnarsson, Einar Guðfinnsson, Garðar Sigurðarson, Jóhanna Katrín Eggertsdóttir, Kári Sigurðsson, Steinunn María Stefánsdóttir og Trausti Þorgeirsson.

Kennslugögn: Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti og Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti.

Bekkir: 4.B, 4.C, 4.D, 4.E, 4.F, 4.G, 4.H, 4.I og 4.J.

Lýsing:

Inngangur að mengjum og rökfræði. Bókstafareikningur, jöfnu- og ójöfnureikningur og hnitakerfi. Margliður og eiginleikar þeirra. Annars stigs margliður og fleygbogar. Vigrar.

Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

Hautmisseri:

- Vika 1-4: Mengi, yrðingar og reiknireglur rauntalna (kaflar 1.1-1.2 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 5-10: Röðun rauntalna, talnalínan, jöfnur og ójöfnur (kaflar 1.3-1.5 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 11-15: Tölugildi og skilgreining vigurs (kaflar 1.6 og 2.1 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).

Vormisseri:

- Vika 1-7: Innfeldi og ákveða vigra, línuleg jöfnuhneppi og liðun vigra (kaflar 2.2-2.4 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 8-11: Jafna línu, fjarlægð punkts frá línu og jafna hrings (kaflar 3.1-3.2 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 12-15: Margliður, margliðujöfnur og -ójöfnur (kaflar 1.1 og 1.3 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluta).

Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum misserisprófum.

- **Námseinkunnir:**

- Lesin stærðfræði (stærðfræði I):
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.



Menntaskólinn í Reykjavík

- Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.
- Ólesin stærðfræði (stærðfræði II):
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf. Lesið próf í 40 mínútur en ólesið í 90 mínútur.
- **Vorpróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt).